

Nd.

193. Tillaga

til þingsályktunar um innlenda baðlyfjagerð og útrýmingu fjárkláða.

Frá landbúnaðarnefnd.

Alþingi ályktar að skora á stjórnina að halda áfram rannsóknum á innlendri baðlyfjagerð og, að henni lokinni, að leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um framkvæmd á henni og útrýmingarböðun á fjárkláða.

Greinargerð.

A síðasta þingi var samþykkt þingsályktun um rannsókn á innlendri baðlyfjagerð, og hefir Gísli Guðmundsson gerlafræðingur haft rannsókn þessa með höndum. Hann hefir nú tjáð landbúnaðarnefnd, að hann muni hafa lokið við þessa rannsókn í næstkomandi ágústmánuði. Telur hann, að innlent baðlyf verði talsvert ódýrara en kreólín það, sem nú er keypt frá Dönum, jafnframt því sem hann telur það ekki örugt til útrýmingar.

Hjer er því farið fram á, að eindregið sje snúist að því ráði að gera baðlyfin hjer innanlands, og þá um leið að undirbúa fjárkláðaútrýmingu.